

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustunnar Geirlandi, Skaftárhreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skaftárhrepps þann 11. apríl 2011 breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustunnar Geirlandi.

Breytingin felur í sér að vesturhorn deiliskipulagssvæðis stækkar til vesturs og norðurs um 2.224 m². Hnitaskrá breytist skv. því. Byggingarreitur er skilgreindur í framhaldi af gistihúsi þar sem gert er ráð fyrir 421 m² gistiskála á einni hæð.

Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og hlaut því tillagan meðferð skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 28. apríl 2011.

Anton Kári Halldórsson, yfirmaður tæknisviðs.

B-deild – Útgáfud.: 12. maí 2011